

Alþingi
Erindi nr. P 130/1867
komudagur 16/30/1867

Borgarnesi 15. apríl 2004

Hæstvirta sjávarútvegsnefnd
B.t. allra nefndarmanna

- ERINDI:
1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 2004, um Þróunarsjóðsjávarútvegsins.
 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33 5.maí 2000, um veiðieftirlitsgjald.

UMSÖGN:

Varðandi 1. Hefur Félag dagabátaeigenda, ekkert við að athuga, nema síður sé.

Varðandi 2. Mótmælir Félag dagabátaeigenda, öllum auknum gjöldum í þeirri lögvernduðu “sláturtíð” sem í gangi er, okkur dagabátaeigendum til höfuðs.

Í 2. gr. í athugasemdum við lagafrumvarp þetta, stendur orðrétt með ykkar leyfi.....”Ekki hefur verið innheimt gjald fyrir flutning á sóknardögum

milli skipa en nauðsynlegt er að það verði gert **TIL AÐ GÆTA SAMRÆMIS MILLI AÐILA SEM STUNDA**

FISKVEIÐAR”.....Hér hittið þið naglann lóðrétt á höfuðið og komið einarðlega til móts við okkar óskir, er við höfum birt í ræðu sem riti á ótöldum fundum s.l. misseri.

Okkur finnst sem svo að einskis samræmis hafi gætt milli aðila sem “fiskveiðar stunda” sl. 12-13 ár og ber þar að nefna að við höfum verið skornir niður frá bannhelgakerfinu úr ríflega 230 dögum í 84 daga í 40..23..21..19.. o.s.frv., þar sem á sama tíma virðast liggja á lausu frjálslegar tilhliðranir til handa aflamarki og aflahámarki svo sem:

- a. Skipstjórakvóti
- b. Línutvöföldun
- c. Breyting á slægingarstuðli 1/9.1997
- d. Jöfnunarkvóti
- e. Frjáls sókn í aukategundir
- f. Byggðakvóti
- g. Sértekur kvóti v/loðnu,skelfisks og rækju
- h. Hafrókvóti
- i. Fiskeldiskvóti
- j. Línuívilnun
- k. Meðafli í flottroll
- l. Nýtingarstuðull á frystiskipum
O.s.frv. . . o.s.frv.....

Er ekki kominn tími til að óvilhallir aðilar reikni ofangreint nákvæmlega út, þannig að umræðan fari að taka á sig blæ heiðarleika, sanngirni og réttssýni að ógleymdri hinni margrómuðu “jafnræðisreglu”..?

Félag dagabátaeigenda verður fyrst hagsmunaaðila til að leggja blessun sína yfir þetta frumvarp, jafnskjótt og “samræmis gætir milli aðila sem fiskveiðar stunda”

Með vegsemd og virðingu,
f.h. Félags dagabátaeigenda

Hermann Björn Haraldsson

cc. sjávarútvegsráðherra, framkvæmdastjóri og formaður L.Í.Ú.